



Viðtakandi: Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar.

Máls nr: 2511451

Dags. 6. nóvember 2025

Vísað er í erindi Strætó dags. 8. september 2025 sem var til umfjöllunar á fundi skipulags- og umhverfiráðs Kópavogs 3. nóvember s.l. en í erindinu er óskað eftir því að Reykjavíkurborg og Kópavogur hefji undirbúning að byggingu strætóvegar milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar ásamt því að setja upp hlið og tvær nýjar stoppistöðvar í Reykjavík og Kópavogi. Fyrirhuguð strætóleið mun fara í gegnum núverandi bílastæði íbúðakjarnans að Fossvogsbrún 2a en um er að sjó íbúða kjarna með umfangsmikilli þjónustu og fjölda starfsfólks í vaktavinnu.

Í skýrslu Eflu kemur fram að áætluð tíðni strætisvagna verði um 15 mínútur á annatíma, sem er þá fjórir vagnar á klst. aðra leið eða átta vagnar báðar leiðir. Skýrsluhöfundum láðist að gera ráð fyrir því að annatíminn er einnig sá sami fyrir íbúa og starfsfólk Fossvogsbrúnar og er því fyrir töluverð umferð í kringum íbúðakjarnann á þessum tímum. Sér í lagi ber að nefna akstursþjónustu fyrir íbúa Fossvogsbrúnar, m.a. akstursþjónustu blindra, sem eru að koma og fara úr vinnu og annarri þjónustu á sama annatíma en auk þess eru að eiga sér stað vaktaskipti starfsfólks.

Að bæta strætisvögnum í umferðina sem fyrir er myndi í besta falla orsaka ringulreið yfir annatímann og versta falli skapa stöðugt hættulegar aðstæður fyrir gangandi og akandi. Þá er auðvitað ótalið það ónæði sem íbúar Fossvogsbrúnar verða fyrir þegar strætóleið verður til við stofugluggann þeirra.

Starfsfólk velferðarsviðs hefur áður bent á hættuna sem vill verða af þeirri miklu umferð hjólandi vegfarenda í kringum Fossvogsbrún 2 og er alveg ljóst að ekki verður hægt að bæta strætóleið við anddyri heimilisins án þess að veruleg hætta stafi af þeirri ráðstöfun.

Meðfylgjandi er afrit undirskriftarlista íbúa, aðstandenda og starfsfólks í Fossvogsbrún 2a, frumritið er í vörslu forstöðumanns íbúðakjarnans.

Viðhengi:

Fylgiskjal 1 – Undirskriftarlisti íbúa, aðstandenda og starfsfólks í Fossvogsbrún 2.

